




# Sýn hf.

Samandreginn árshlutareikningur samstæðu

31. ágúst 2022



vísir



SPORT

BYLGJAN  
989



ENDOR

# Góður rekstrarárangur

- Mesti rekstrarhagnaður í sögu fyrirtækisins.
- Rekstrarhagnaður eykst um 740 m.kr. á milli ára.
- Rekstrarkostnaður stendur í stað á meðan tekjur hækka um 14%.
- Fjárfesting í innri kerfum farin að bera ávöxt.
- Samstarfssamningur undirritaður um 5G uppbyggingu.
- Starfslok forstjóra.





# Lykiltölur úr rekstri



2F og 6M 2022



---

**Tekjur 6M**  
**11.691 m.kr**

---

2F 2022  
6.009 m.kr.



---

**EBITDA 6M**  
**3.317 m.kr**

---

2F 2022  
1.607 m.kr.



---

**Afkoma 6M**  
**273 m.kr**

---

2F 2022  
66 m.kr.



---

**Frjálst fjárflæði 6M**  
**1.284 m.kr**

---

2F 2022  
800 m.kr.

# Rekstrarreikningur



	2F 2022	2F 2021	% br.	6M 2022	6M 2021	% br.
Seldar vörur og þjónusta	6.009	5.289	13,6%	11.691	10.289	13,6%
Kostnaðarverð	-4.124	-3.759	9,7%	-7.790	-7.134	9,2%
<b>Framlegð</b>	<b>1.885</b>	<b>1.530</b>	<b>23,2%</b>	<b>3.901</b>	<b>3.155</b>	<b>23,6%</b>
Rekstrarkostnaður	-1.563	-1.588	-1,6%	-3.178	-3.171	0,2%
<b>EBITDA</b>	<b>1.607</b>	<b>1.488</b>	<b>8,0%</b>	<b>3.317</b>	<b>2.876</b>	<b>15,3%</b>
<b>EBIT</b>	<b>322</b>	<b>-58</b>	-	<b>723</b>	<b>-16</b>	-
Hrein fjármagnsgjöld	-226	-117	-	-368	-210	-
Áhrif hlutdeildarféлага	0	20	-	0	-173	-
Tekjuskattur	-30	38	-	-82	51	-
<b>Hagnaður (tap) tímabilsins</b>	<b>66</b>	<b>-117</b>	-	<b>273</b>	<b>-348</b>	-
<i>Framlegð</i>	<i>31,4%</i>	<i>28,9%</i>		<i>33,4%</i>	<i>30,7%</i>	
<i>EBITDA</i>	<i>26,7%</i>	<i>28,1%</i>		<i>28,4%</i>	<i>28,0%</i>	
<i>EBIT</i>	<i>5,4%</i>	<i>-1,1%</i>		<i>6,2%</i>	<i>-0,2%</i>	

\* Fjárhæðir eru í milljónum króna

## Helstu þættir sem hafa áhrif á 2F og 6M 2022

- Tekjur hækka um 13,6% á fyrri helmingi ársins 2022, tekjuvöxtur er sambærilegur fyrir 1F og 2F 2022.
  - Áframhaldandi vöxtur í farsímatekjum þar sem bæði IoT tekjur og reikitekjur hafa jákvæð áhrif.
  - Tekjur Endor tvöfaldast á milli 6M 2021 og 2022 og eru tekjur sambærilegar og þær voru á fyrri helmingi ársins 2020.
- Framlegð var 33,4% fyrstu sex mánuði ársins 2022 sem er aukning um 2,7 prósentustig. Lægri afskriftir sýningarréttá (EM sýningarréttur var afskrifaður 2021), breytt vörusamsetning, betri nýting fastafjármuna og hagstæð gengisþróun hefur þar hvað mest áhrif.
- Rekstrarkostnaður hefur ekki hækkað í takt við verðlag og stendur í stað á milli árshelminga.
- Rekstrarhagnaður (EBIT) eykst um 739 m.kr. á milli árshelminga.
- Vaxtagjöld hækka um 180 m.kr. á milli árshelminga. Hækkun skýrist af hækkun leiguskuldbindingar í kjölfarið af innviðasölu. Hækkun stýrivaxta vegur á móti lækkun vaxtagjalda vegna lægri skuldsetningar.
- Óveruleg breyting á gengismun á milli árshelminga en gengismunur var jákvæður á fyrstu sex mánuðum ársins 2022 að fjárhæð 71 m.kr.
- Innifalið í neikvæðum áhrifum hlutdeildarféлага í 6M 2021 er 179 m.kr. sölutap vegna sölu á hlutdeildarfélaginu Hey.

# Tekjustraumar



	2F 2022	2F 2021	% br.	6M 2022	6M 2021	% br.
Fjölmíðlun	2.147	2.116	1%	4.254	4.070	5%
Internet	1.109	1.116	-1%	2.231	2.261	-1%
Farsími	1.282	1.061	21%	2.683	2.000	34%
Fastlína	122	134	-9%	251	274	-8%
Hýsingar- og rekstrarlausnir	864	352	145%	1.329	665	100%
Vörusala	323	311	4%	597	604	-1%
Aðrar tekjur	162	199	-19%	346	415	-17%
<b>Samtals tekjur</b>	<b>6.009</b>	<b>5.289</b>	<b>14%</b>	<b>11.691</b>	<b>10.289</b>	<b>14%</b>

## Fjölmíðlun

Áframhaldandi vöxtur í auglýsingatekjum, þær aukast um 15,4% og hafa nú náð fyrri styrk. Mikil eftirspurn er eftir auglýsingahólfum á Vísi og er vefmiðillinn sem fyrr í miklum vexti. Auglýsingatekjur útvarps aukast einnig.

Áskriftartekjur hækka um 5% á milli tímabila. Rúmlega 40 þúsund heimili eru með aðgang að Stöð 2+ og áskrifendum fjölgar um 4% á milli árshelminga.

## Internet

Samdráttur í internettekjum skýrist helst af tekjulækkun heima-tenginga. Á fyrri árshelmingi aukast tekjur af fyrirtækjatengingum um tæp 9% meðal annars vegna fjölgunar viðskiptavina og aukins gagnamagns.

## Farsími

Tekjuvöxtur er drifinn áfram af góðum IoT tekjuvexti og aukningu reikitekna.

## Hýsingar- og rekstrarlausnir

Tekjur Endor tvöfaldast á milli árshelminga. Búnaðarsala skýrir að hluta til sterkan tekjuvöxt en framlegð af búnaðarsölu er þó lág.

## Aðrar tekjur

Aðrar tekjur dragast saman um 17% á milli árshelminga meðal annars vegna einskiptistekna sem voru færðar árið 2021.

\*Fjárhæðir eru í milljónum króna.

# Efnahagsreikningur



## Eignir

	30.6.2022	31.12.2021	% br.
<b>Fastafjármunir</b>			
Leigueignir	7.971	8.049	-1%
Rekstrarfjármunir	3.209	3.212	0%
Viðskiptavild	8.847	8.888	0%
Aðrar óefnislegar eignir	4.408	4.469	-1%
Eignarhlutur í félögum	67	62	8%
Tekjuskattsineign	25	26	-4%
<b>Samtals</b>	<b>24.527</b>	<b>24.706</b>	<b>-1%</b>
<b>Veltufjármunir</b>			
Sýningarréttir	1.652	1.762	-6%
Birgðir	585	356	64%
Viðskiptakröfur og aðrar skammtímakr.	3.512	5.463	-36%
Handbært fé	2.252	4.214	-47%
<b>Samtals</b>	<b>8.001</b>	<b>11.795</b>	<b>-32%</b>
<b>Eignir samtals</b>	<b>32.528</b>	<b>36.501</b>	<b>-11%</b>

## Skuldir og eigið fé


	30.6.2022	31.12.2021	% br.
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>8.888</b>	<b>10.535</b>	<b>-16%</b>
<b>Langtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir	4.936	4.965	-1%
Leiguskuldbindingar	11.308	11.393	-1%
Aðrar langtímaskuldir	180	180	0%
Tekjuskattsskuldbinding	89	19	368%
<b>Samtals</b>	<b>16.513</b>	<b>16.557</b>	<b>0%</b>
<b>Skammtímaskuldir</b>			
Vaxtaberandi skuldir	475	723	-34%
Leiguskuldbindingar	1.138	1.206	-6%
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímask.	5.514	7.480	-26%
<b>Samtals</b>	<b>7.127</b>	<b>9.409</b>	<b>-24%</b>
<b>Eigið fé og skuldir</b>	<b>32.528</b>	<b>36.501</b>	<b>-11%</b>
<i>Vaxtaberandi skuldir</i>	<i>17.857</i>	<i>18.287</i>	
<i>Hreinar vxt.ber. skuldir</i>	<i>15.605</i>	<i>14.073</i>	
<i>Eiginfjárhlutfall</i>	<i>27,3%</i>	<i>28,9%</i>	

\*Fjárhæðir eru í milljónum króna


# Sjóðstreymi



## Sjóðstreymi 2F 2022



## Sjóðstreymi 6M 2022




	2F 2022	2F 2021	% br.	6M 2022	6M 2021	% br.
Handbært fé frá rekstri fyrir vexti og tekjuskatt	1.810	1.572	15%	3.114	2.254	38%
Fjárfestingahreyfingar	-1.010	164	-716%	-1.830	-643	185%
<b>Frjálst fjárflæði</b>	<b>800</b>	<b>1.736</b>	<b>-54%</b>	<b>1.284</b>	<b>1.611</b>	<b>-20%</b>

\*Fjárhæðir eru í milljónum króna.


# Efnahagur - Lykilmælikvarðar




## Eiginfjárlutfall



## Veltufjárlutfall\*



## Hreinar vaxtaberandi skuldir




\* Veltufjármunir / viðskiptaskuldum og öðrum skammtímaskuldum

\*Fjárhæðir eru í milljónum króna



# EBIT þróun


6M 2019 til 6M 2022



\*Fjárhæðir eru í milljónum króna.

# Frjálst fjárflæði


## 6M 2019 til 6M 2022



\* Á fyrri árshelmingi 2021 var færeyska hlutdeildarfélagið Hey selt og nam greiðsla vegna sölu á eignarhluta 1.065 m.kr. sem er innfalið í fjárfestingahreyfingum.

\*Fjárhæðir eru í milljónum króna.

# Þróun á vaxtaberandi skuldum



\*Fjárhæðir eru í milljónum króna.

## Miðlar


- Fjárfesting lækkuð í sýningarréttum sem hafa ekki verið að skila félaginu ávinningi. Þetta skilar sér í lægri afskriftum á fyrri árhelmingi þessa árs en þær lækka um 257 m.kr.
- Framleiðsla á innlendu efni margfölduð án þess að hækka kostnað sem því nemur. Aukin hagræðing hefur náðst með því að taka í notkun nýtt stúdíó, auka samstarf við framleiðslufyrirtæki ásamt betri nýtingu á mannaúð.
- Mikill tekjuvöxtur á Vísi þar sem auglýsingatekjur hafa aukist um tæpan helming frá fyrri árhelmingi 2020. Kostnaðargrunnur er stöðugur.
- Auglýsingadeild endurskipulögð og tekjur aukast um rúm 35% frá fyrri árhelmingi 2020.
- Breyttar áherslur á fréttastofu þar sem meiri áhersla er lögð á framleiðslu fréttatengds efnis, bæði fyrir Stöð 2 og Vísi.





**LEITIN**  
AÐ UPPRUNANUM

*Idol*



**GULLI**  
**BYGGIR**



Takk fyrir



*visir*



SPORT

**BYLGJAN**  
989



ENDOR



# Fyrirvari á uppgjörskynningu



Upplýsingar í þessari kynningu byggja á heimildum sem Sýn hf. telur áreiðanlegar á hverjum tíma. Ekki er þó ekki hægt að tryggja að fullu að þær séu óskeikular.

Allar upplýsingar í kynningu þessari eru í eigu Sýn hf. Kynningu þessa og upplýsingar sem í henni eru er óheimilt að afrita, breyta eða dreifa á nokkurn hátt, hvorki að öllu leyti né að hluta.

Þessi kynning er eingöngu hugsuð til upplýsingagjafar en ekki ætluð sem hluti af eða grundvöllur ákvarðanatöku þeirra aðila sem fá hana í hendur. Viðtakendur eiga því ekki að nokkru leyti að túlka innihald kynningarinnar sem loforð eða leiðbeiningar. Sýn hf. er ekki á nokkurn hátt skylt að veita viðtakendum kynningarinnar frekari upplýsingar um félagið né gera breytingar eða leiðréttingar á henni ef þær upplýsingar sem liggja til grundvallar breytast.

Sérhver yfirlýsing í kynningu þessari sem vísar til framtíðaráætlunar eða framtíðarárangurs er einungis spá um framtíðarhorfur félagsins, byggð á núverandi þróun, upplýsingum og áætlunum. Framtíðarhorfur félagsins eru háðar fjölda áhættu- og óvissuþátta sem getur þýtt að raunverulegur árangur verði umtalsvert frábrugðinn því sem spáð er í kynningu þessari. Ytri þættir á borð við framboð á fjármagni, gildistaka laga, áhrif eftirlitsaðila ásamt öðru geta því haft veruleg áhrif.

Sýn hf. mun ekki uppfæra framtíðarhorfur félagsins í kynningu þessari vegna aðstæðna sem munu til koma eftir að hún hefur verið sett fram. Sýn hf. bendir á að viðtakendur kynningar þessarar eiga ekki að treysta á staðhæfingar kynningarinnar á síðari tímum þar sem þær eiga eingöngu við á þeim degi sem kynningin er gefin út. Allar yfirlýsingar um framtíðarhorfur félagsins eru fullgildar í heild sinni með tilliti til þessara fyrirvara.

Með móttöku kynningar þessarar staðfestir viðkomandi að hann sé bundinn framangreindum fyrirvörum og takmörkunum.